



Verðbólgan áfram við markmið

Hagstofan birtir júlímælingu vísitölu neysluverðs (VNV) föstudaginn 24. júlí. Hagfræðideild Landsbankans spáir 0,3% lækkun milli mánaða. Gangi spáin eftir lækkar verðbólgan úr 2,6% í 2,5%.


VNV hækkaði um 0,44% milli mánaða í júní. Sú mæling kom nokkuð á óvart en opinberar spár lágu á bilinu 0,1% til 0,3%. Við höfðum spáð 0,1% hækkun. Skýrist munurinn af því að matvörur, hótél og húsnæðisverð hækkuðu umfram væntingar okkar.

Helstu undirlíðir í júlí:

- Við eigum von á að áhrif sumarútsala á **fötum og skóm** og á **húsgögnum og heimilisbúnaði** verði svipuð og síðustu ár. Heildarárif sumarútsala í spá okkar eru 0,56 prósentur.
- **Matur og drykkjarvörur** hækkuðu um 4,0% milli mars og júní, aðallega vegna veikingar krónunnar. Við teljum líklegast að gengisáhrifin séu komin að fullu fram og búumst við lítilli breytingu á verðlagi mat og drykkjarvara milli mánaða í júlí.
- Við teljum að áhrif húsnæðisverðs á **reiknaða húsaleigu** verði um 0,64 prósentustig til hækkunar og áhrif vaxtabreytinga verði 0,56 prósentustig til lækkunar. Samantekið gerum við því ráð fyrir að reiknuð húsaleiga hækki um 0,08%.
- Samkvæmt verðkönnun okkar hækkaði verð á **bensíni og díselolíu** um 3,5% milli mánaða.
- Hagstofan hélt verði á **flugfargjöldum til útlanda** óbreyttum frá mars fram í júní þar sem flugsamgöngur lágu niðri. Með opnun landamæra getur Hagstofan tekið verð á að flugi til útlanda inn í vísitöluna á ný. Breyting á flugfargjöldum milli mánaða í júlí, er því í raun munurinn á verði flugfargjalda í mars og í júlí. Alla jafnan er um 30% dýrara að fljúga í júlí en í mars. Hins vegar er ekki flogið til allra áfangastaða og Hagstofan mun því þurfa að halda hluta flugfargjalda í úrtakinu óbreyttum.

| | Vægi í VNV | Breyting | Spá Áhrif |
|------------------------------|------------|----------|-----------|
| Föt og skór | 3,5% | -11,5% | -0,40% |
| Húsgögn og heimilisb. | 5,5% | -2,9% | -0,16% |
| Aðrar vörur og þjónusta | 6,4% | -0,9% | -0,06% |
| Tómst. og menning | 10,1% | -0,1% | -0,02% |
| Kaup ökutækja | 6,0% | -0,2% | -0,01% |
| Heilsa | 4,3% | -0,2% | -0,01% |
| Menntun | 0,5% | -0,1% | 0,00% |
| Áfengi og tóbak | 2,4% | 0,0% | 0,00% |
| Matur og drykkjarv. | 15,2% | 0,1% | 0,01% |
| Ferðir og flutningar (annað) | 4,5% | 0,3% | 0,01% |
| Reiknuð húsaleiga | 16,4% | 0,1% | 0,01% |
| Húsn. án reikn. húsaleigu | 14,0% | 0,1% | 0,01% |
| Póstur og sími | 1,5% | 1,0% | 0,02% |
| Hótél og veitingast. | 5,1% | 0,5% | 0,02% |
| Bensín og díselolía | 3,1% | 3,5% | 0,11% |
| Flugfargjöld til útlanda | 1,4% | 10,0% | 0,14% |
| Alls | 100,0% | | -0,32% |

Framlag undirlíða



Heimild: Hagfræðideild Landsbankans, Hagstofa Íslands



Í heild sinni, er spá okkar um breytingu vísitölu neysliverðs milli mánaða í júlí óbreytt frá síðustu spá sem við birtum í kjölfar júnímælingar Hagstofunnar (26. júní).

Verðbólga áfram við eða rétt undir markmiði

Bráðabirgðaspá okkar til næstu þriggja mánaða er eftirfarandi:

- Ágúst: +0,4% milli mánaða, 2,7% ársverðbólga
- Sept.: +0,1% milli mánaða, 2,7% ársverðbólga
- Okt.: +0,1% milli mánaða, 2,4% ársverðbólga

Helstu óvissuþættir

Helstu óvissuþættir varðandi spá okkar um breytingu milli mánaða í júlí og bráðabirgðaspá okkar til næstu þriggja mánaða eru:

1. Flugfargjöld til útlanda

Núna er flogið til sumra áfangastaða í úrtaki Hagstofunnar en ekki til allra. Við setjum því meiri fyrirvara en vanalega á okkar spá um þróun flugfargjalda vegna aukinnar ónákvæmni. Eftirspurn eftir flug til og frá landinu er öðruvísi núna en síðustu ár sem þýðir að reynsla síðustu ára um þróun flugfargjalda innan árs getur hæglega riðlast.


Liðurinn flugfargjöld til útlanda er líklega stærsti óvissuþáttur um breytingu milli mánaða um þessar mundir. Hafa verður í huga að þetta er liður sem almennt sveiflast mikið milli mánaða, en minni áhrif verða á þróun verðbólgu til lengri tíma.

2. Húsnæðisverð og áhrif vaxtabreytinga

Kostnaður við að búa í eigin húsnæði (reiknuð húsaleiga) hækkaði um 0,37% milli mánaða í júní. Skýrist þetta af 0,89% hækkun á vísitölu markaðsverðs húsnæðis en áhrif vaxtabreytinga voru 0,52 prósentustig til lækkunar.


Vaxtabreytingar virðast hafa ýtt undir eftirspurn eftir húsnæði með þeim afleiðingum að verðhækkanir voru nokkuð meiri í júní en búast hefði mátt við. Við gerum ráð fyrir því að sú þróun haldi að áfram næstu mánuði, þ.e.a.s. íbúðaverð hækki lítilllega milli mánaða. Líklegt er að áhrif vaxtalækkana til lækkunar verðbólgu muni gæta áfram næstu mánuði þar sem gera má ráð fyrir því að fólk haldi áfram að endurfjármagna íbúðalán á hagstæðari kjörum. Það dregur úr áhrifum af hækkun fasteignaverðs á verðbólgu.

Verðbólguþróun



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild

Mánaðarbreyting VNV



Júlí - október er spá Hagfræðideildar
Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild




3. Gengi krónunnar

Gjaldeyrismarkaðurinn er mjög grunnur núna, meðal annars vegna samdráttar í utanríkisverslun og samkomulags milli Seðlabanka Íslands og lífeyrissjóða um að þeir síðarnefndu haldi að sér höndum í gjaldeyriskaupum. Það er því aukin hættu á að gengi krónunnar geti hreyfst hlutfallslega mikið í frekar litlum viðskiptum.

4. Alþjóðleg verðbólga

Útlit er fyrir að verðbólga í helstu viðskiptalöndum okkar verði lág á yfirstandandi ári, sem ætti að hjálpa til við að halda verðbólgu hér á landi í skefjum. Verði raunin önnur mun það að öðru óbreyttu þýða meiri verðbólgu en við gerum ráð fyrir.

Mánaðarbreyting VNV í júlí



Júlí 2020 er spá Hagfræðideildar
Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild

Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraeideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.